

Fundargerð 28.04.22

Mætt voru: María, Ólöf Kristín, Vala, Erla, Ingibjörg M., Gunnar, Sunneva og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Heimasíðan

María fór yfir heimasíðu skólans í stórum dráttum. Fulltrúar foreldrar nýta heimasíðuna ekki mikið en heimasíðan er e.t.v. meira nýtt fyrir foreldra sem eru að koma með börnin sín í fyrsta skipti eða fólk er að hefja störf. Skóladagatalið er það sem fólk er mest að skoða. Gætum deilt meira á Facebook þegar við erum að setja nýtt efni á heimasíðu. Gott að setja inn stuttar fréttir.

Skóladagatalið breytingar á dagatali 2021-2022

María fór yfir þær breytingar á skóladagatali. Skertir daga í unglingadeild 23. og 24. maí en þá verður 10. bekkur í Þórsmörk. Gert var að tillögu að skertir dagar í 10. bekk verði 16. og 17. maí.

María fór yfir að skólinn á inni einn skipulagsdag vegna auka skipulagsdags 3. janúar vegna covid. Gert var að tillögu að sá skipulagsdagur verði 9. júní og skólaslitin verði einum degi fyrr eða þann 8. júní. Krakkaberg verður ekki opin 9. júní.

Skólaráð samþykkir þessar tillögur.

Skólavoginn

María fór yfir nemendakönnun skólans þrautseigja í námi hefur aukist. Náttúrufræðin kemur ekki vel út. Fulltrúi nemenda og foreldra telja að skýringin gæti verið að efnið sé þurrt og of bókmiðað. Tíðni hreyfinga hefur lækkað mjög mikið og á það sérstaklega við um drengi. Gætum við farið í samstarf við íþróttafélögin til að auka þátttöku í íþróttum. Þurfum að koma þessum upplýsingum til foreldra að það þarf að virkja þennan hóp. Þurfum að koma meiri hreyfingu inn í skólastarfið.

Skólaráð

Skólapingið 7.maí kl. 10:00-12:30.

Ákveðið var að fá fyrirlesara frá Heimili og skóla í ca. 30 mínútur sem kveikjur. Síðan verða blandaðir umræðuhópar í 40 mínútur og þar verða hópstjórar og ritari. Foreldrar verði hópstjórar og starfsfólkið í skólanum ritarar.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.